



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 32/2009

**Kvörtun LG Mottna ehf. yfir skráningu og notkun
Friðjóns Björgvins Gunnarssonar á léninu hestagallery.is**

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi LG Mottna ehf. með bréfi, dags. 23. júní 2009, þar sem kvartað er yfir skráningu og notkun Friðjóns B. Gunnarssonar á léninu hestagallery.is. Að mati LG Mottna hefur Friðjón B. Gunnarsson brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, einkum 5. og 15. gr. a. Jafnframt er vísað til ákvæða laga nr. 45/1997 um vörumerki, einkum 4. gr. LG Mottur fara fram á að Friðjóni B. Gunnarssyni verði bönnuð notkun á léninu og gert að afskrá það.

Í bréfinu kemur fram LG Mottur hafi frá árinu 2005 rekið verslun og fatalínu undir vörumerkinu Hestagallery. Samkvæmt skráningu Einkaleyfastofu er vörumerkið HESTA-GALLERY skráð orðmerki frá 6. janúar 2006. Árið 2007 hafi fyrirtækið opnað heimasíðu fyrir reksturinn en vegna tæknilegra örðugleika varð slóðin hestagallery.aicon.is en ekki hestagallery.is. Í maí 2009 hafi átt að breyta veffangi verslunarinnar í hestagallery.is en afgreiðsla málsins, sem hafi verið í höndum ISNIC, tekið nokkurn tíma. Í millitíðinni, eða 15. júní 2009, hafi Friðjón B. Gunnarsson fengið skráð lénið hestagallery.is.

LG Mottur telji fyrirtækið eiga rétt á vörumerkinu Hestagallery, sem notað hafi verið af fyrirtækinu frá árinu 2005. Rekin sé verslun sem beri nafnið Hestagallery, framleiddur sé fatnaður undir nafninu Hestagallery og ýmis mót og sýningar styrktar með nafninu Hestagallery auk þess sem auglýsingar hafi verið birtar í blöðum, tímaritum og netsíðum undir nafninu Hestagallery. Einnig telji LG Mottur að notkun Friðjóns B. Gunnarssonar á léninu sé til þess fallin að skapa rugling fyrir viðskiptavini verslunarinnar Hestagallery, bæði héraendis og erlendis. Friðjón B. Gunnarsson stundi ekki atvinnurekstur í dag á vefslóðinni hestagallery.is, en fullgildar ástæður eru til að ætla að hann muni gera það í framtíðinni.



LG Mottur krefjast þess að Friðjóni B. Gunnarssyni verði bönnuð notkun lénsins hestagallery.is og gert að afskrá það. Skráning og notkun hans á léninu hestagallery.is sé brot á ákvæði 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005, lénsnafnið er eins og skráð vörumerki LG Mottna og hefur Friðjón B. Gunnarsson engan rétt eða lögmæta hagsmuni af léninu.

Þann 29. júní bárust Neytendastofu viðbótargögn í málið frá LG Mottum þar sem fram kemur að birt hafi verið á vefsíðunni hestagallery.is eftirfarandi setning:

„Lokað í júlí vegna sumarleyfa. Munið! Alltaf 30% afsláttur til öryrkja og ellilífeyrisþega í nýju búðinni.“

Að mati LG Mottna er brýn nauðsyn að endurheimta lénið af Friðjóni B. Gunnarssyni þar sem ljóst sé að eini tilgangur hans með skráningunni sé að skaða rekstur LG Mottna. Óskað var að afgreiðslu málsins yrði hraðað eins og kostur væri til að takmarka tjón LG Mottna.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindið var sent Friðjóni B. Gunnarssyni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 3. júlí 2009.

Svar Friðjóns B. Gunnarssonar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 13. júlí 2009. Í bréfinu kemur fram að lénið hafi verið skráð þann 15. júní 2009 en það hafi verið laust til skráningar í nokkra mánuði. Eigandi LG Mottna hafi stofnað nýtt félag í mars 2009, NFT ehf., og hafið rekstur verslunar Hestagallery undir því nafni. Sökum þessa væri ekki hægt að halda því fram að verið sé að skaða rekstur NFT með því að eiga lénið hestagallery.is og reka þar netverslunina hestagallery.is. NFT hafi hvorki skráðan einkarétt á nafninu hestagallery.is né HESTAGALLERY. Samkvæmt framangreindu telji Friðjón sér heimilt að nota lénið.

Í bréfinu kemur einnig fram að Friðjón hafi, ásamt öðrum rekið netverslunina buy.is og til standi að hefja verslunarrekstur fljótlega þar sem seldar verða allskyns vörur og nokkrar sérvaldar hestavörur. Mun sú umferð sem berst á lénið hestagallery.is því flytjast yfir á buy.is. Tekið er fram í bréfinu að þrátt fyrir skráninguna hafi ekki hafi staðið til að skaða rekstur LG Mottna.

2.

Bréf Friðjóns B. Gunnarssonar var sent LG Mottum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 17. júlí 2009. Svar fyrirtækisins barst með bréfi til Neytendastofu, dags. 21. júlí 2009, þar sem



fram koma athugasemdir við bréf Friðjóns. Í bréfinu kemur fram að lénið hestagallery.is hafi verið laust vegna mistaka hýsingaraðila lénsins en ávallt hafi staðið til að breyta léninu hestagallery.aicon.is í hestagallery.is. LG mottur sé skráð fyrir vörumerkinu HESTA-GALLERY og geti Friðjón ekki skýlt sér að baki bandstrikinu enda séu vörumerkin of lík til að það réttlæti skráninguna.

3.

Bréf LG motta var sent Friðjóni B. Gunnarssyni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. júlí 2009. Svar hans barst með bréfi til Neytendastofu, dags. 29. júlí 2009, þar sem eru ítrekuð fyrri rök.

4.

Bréf Friðjón B. Gunnarssonar var sent LG Mottum til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 9. október 2009, og tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri þar með lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvarta LG Mottur ehf. yfir skráningu og notkun Friðjóns B. Gunnarssonar á léninu hestagallery.is. Friðjón B. Gunnarsson fékk skráð lénið hestagallery.is þann 15. júní 2009. LG Mottur telja að notkun og skráning Friðjóns B. Gunnarssonar á léninu hestagallery.is hafa brotið gegn ákvæðum 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem og lögum nr. 45/1997 um vörumerki.

2.

LG Mottur telur sig eiga allan rétt á vörumerkinu Hestagallery, sem notað hefur verið af fyrirtækinu frá árinu 2005. Fyrirtækið reki verslun, framleiði fatnað og auglýsi undir nafninu Hestagallery. Telja LG Mottur að notkun Friðjóns á léninu hestagallery.is sé til þess fallin að skapa rugling fyrir viðskiptavini verslunarinnar Hestagallery, bæði héraðs og erlendis. Ekki stundi Friðjón atvinnurekstur í dag en ætla megi að hann muni í framtíðinni gera það.

Er þess krafist af hálfu LG Mottna að Friðjóni verði bönnuð notkun á léninu hestagallery.is og gert að afskrá það.

Friðjón B. Gunnarsson telur sér heimilt að nota lénið þar sem LG Mottur sé í raun ekki það félag sem reki verslunina Hestagallery. Eigandi LG Mottna hafi stofnað nýtt einkahlutafélag, NFT ehf., sem reki í raun verslunina Hestagallery. NFT hafi ekki einkarétt á vörumerkinu



hestagallery.is eða HESTA-GALLERY og því sé ekki hægt að halda fram að verið sé að skaða rekstur þess félags. Bent er á að lénið hafi verið laust til skráningar í nokkra mánuði. Friðjón hafi, ásamt öðrum rekið netverslunina buy.is og til standi að stofna til verslunarrekstrar fljótlega þar sem seldar verða allskyns vörur og nokkrar sérvaldar hestavörur. Sú netumferð sem berist inná lénið hestagallery.is mun í þeim tilgangi flytjast yfir á lénið buy.is.

Í erindi LG Mottna er vísað til ákvæða 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í 5. gr. laganna er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 15. gr. a. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri samkeppnislaga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Báðir málsaðilar hafa skráð auðkenni sín með þar til bærum hætti. LG Mottur á skráð vörumerkið HESTA-GALLERY hjá Einkaleyfastofu frá 6. janúar 2006 og Friðjón B. Gunnarsson hefur skráð lénið hestagallery.is hjá ISNIC 15. júní 2009. Að mati Neytendastofu eiga því báðir málsaðilar rétt til auðkenna sinna, í skilningi 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Ber þá að líta til þess hvort ruglingshætta milli þessara auðkenna sé fyrir hendi.



Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort fyrirtækin séu í samkeppni og hvort þau séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður.

4.

Í ljósi þess að Friðjóni B. Gunnarssyni var kunnugt að verslunin Hestagallery var starfandi og vörumerkið HESTA-GALLERY væri eign LG Mottna er hann skráði lénið hestagallery.is, fær Neytendastofa ekki séð að skráning og notkun Friðjóns B. Gunnarssonar á léninu hafi verið í góðri trú. Slíkt telur Neytendastofa að brjóti í bága við góða viðskiptahætti samanber ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Að mati Neytendastofu hafi Friðjóni mátt vera það ljóst að notkun hans á léninu hestagallery.is gæti valdið neytendum ruglingi. Að mati Neytendastofu leiðir notkun Friðjóns B. Gunnarssonar á léninu hestagallery.is til þess að villst verður á því og öðrum einkennum sem annað fyrirtæki notar í fullum rétti, og brýtur því notkunin í bága við ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Með vísan til alls framangreinds og ákvæðis 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 telur Neytendastofa nauðsynlegt að banna Friðjón B. Gunnarssyni að nota lénið hestagallery.is og leggur fyrir fyrirtækið að láta afskrá það.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Friðjón Björgvin Gunnarsson, Hrísríma 5, Reykjavík, hefur með skráningu og notkun lénsins hestagallery.is, brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er Friðjóni Birni Gunnarssyni bönnuð notkun lénsins hestagallery.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Skal Friðjón Björgvin Gunnarsson á þeim tíma afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi.“

Neytendastofa, 30. nóvember 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir